

STARFSLEYFISMÆLING FRÁRENNSLIS

**Efnalosun með frárennsli við
vinnslu á loðnu í mars 2021.**

**Loðnuvinnslan hf. Fáskrúðsfirði
Fiskimjölsverksmiðja, apríl 2021**





SKÝRSLA - UPPLÝSINGABLAÐ

Titill skýrslu Starfsleyfismæling frárennslis	Tegund skýrslu Mæliskýrsla		
Verkheiti Starfsleyfismæling frárennslis fiskimjölsverksmiðju Mars 2021	Verkkaupi Loðnuvinnslan hf.		
Verkefnisstjóri - EFLA Páll Höskuldsson	Verkefnisstjóri / fulltrúi verkkaupa Magnús Ásgrímsson		
Höfundur Páll Höskuldsson	Skýrslunúmer 1	Verknúmer 3427-006	Fjöldi síðna 3

Útdráttur

Mæling var gerð á heildarfrárennslí frá fiskimjölsverksmiðju Loðnuvinnslunnar Fáskrúðsfirði (LVF) við vinnslu á loðnu í mars 2021. Sólarhringsblendsýni var tekið með sjálfvirkum sýnataka við útrás úr fitugildru þaðan sem frárennslisvatn er losað í sjávarútrás. Einnig var tekið sýni af sameiginlegu frárennslí þéttivatns frá kæliturnum og frárennslí frá þvottaturnum sem blandast sjókælivatni frá eimsvöldum. Mældur var efnastyrkur COD, fitu og svifagna. Efnamagn í frárennslí var reiknað út frá heildarrennslí og unnu hráefnismagni (ht). Niðurstöður voru bornar saman við starfsleyfiskröfur.

Niðurstöður mælinga:

EFNALOSUN Í SJÓ Sólarhringsmeðalgildi	Svífagnir [g/ht]	COD [kg/ht]	Fita [mg/L]	Hráefni unnið Hráefnistonn (ht)
Heildarfrárennslí frá verksmiðju	68	1,5	0,03	780
Losunarmörk í starfsleyfi verksmiðju	300	1,5	100	

Losun mældist innan starfsleyfismarka fyrir öll mæld efni.

Lykilorð

Frárennslí, fitugildra, fiskimjölsverksmiðja, losunarmörk, fita, COD, svifagnir

Staða skýrslu	Dreifing skýrslu og upplýsingablaðs
<input type="checkbox"/> Í vinnslu	<input type="checkbox"/> Opin
<input type="checkbox"/> Drög til yfirlestrar	<input checked="" type="checkbox"/> Dreifing með leyfi verkkaupa
<input checked="" type="checkbox"/> Lokið	<input type="checkbox"/> Trúnaðarmál



Útgáfusaga

Nr.	Höfundur	Rýnt	Samþykkt
	Nafn	Dags.	Nafn
	Páll Höskuldsson	13.4. 2021	Dags.

1 INNGANGUR

Í mars 2021 gerði EFLA verkfræðistofa mælingar á frárennsli vinnsluvatns frá starfsemi fiskimjölsverksmiðju Loðnuvinnslunnar hf. Fáskrúðsfirði við vinnslu á loðnu. Tekin voru sýni úr fitugildru við útrás hennar með sjálfvirkum sýnataka auk þess sem magn frárennslis var mælt. Einning var tekið sýni af sameiginlegu frárennsli þéttivatns og kæli- og þvottasjó. Auk þess var líka tekið sýni af hreinum sjó. Mælingar stóðu yfir í einn sólarhring og hófust kl. 15 þann 14. mars 2021. Samfelld vinnsla var í verksmiðjunni meðan á mælingum stóð og vinnsluafköst 780 ht/d (hráefnistonn á sólarhring), sem eru dæmigerð meðalafköst við vinnslu á loðnu. Mælingar voru framkvæmdar í samræmi við kröfur í starfsleyfi fiskimjölsverksmiðjunnar.

2 Framkvæmd mælinga

Sýni voru tekin á tveimur stöðum, úr útrennslishólfí fitugildru við útrásarop og af sameiginlegu frárennsli þéttivatns og kæli- og þvottasjó í brunni fyrir utan fitugildru. Þessir tveir straumar sameinast í heildarfrárennsli verksmiðjunnar og renna síðan í sjávarviðtaka. Sýnataka með sjálfvirkum sýnataka var samfelld yfir mælingatímabilið og fór þannig fram að 50 mL hlutsýni var tekið á 24 mínútna fresti í glerflöskur yfir 24 klst. Eitt sameiginlegt sólarhringsblendsýni fyrir hvort frárennslid var síðan útbúið til efnagreininga. Sýni var einning tekið af hreinum sjó eftir dælu við sjónntak í verksmiðju, samtals fjögur 1L staksýni. Sýnum var haldið kældum og myrkvuðum í glerílátum og meðhöndluð strax til geymslu eftir sýnatöku. Í blendsýninu frá fitugildru voru mældar heildarsvífagnir, efnarfæðileg súrefnisþörf (COD) og fita. Í blendsýni af þéttivatni og kæli- og þvottasjó voru mæld sömu efni að undanskilinni fitu. Sömu efni voru mæld í hreinum sjó til frádráttar frá efnainnihaldi þéttivatns og kæli- og þvottasjó til að meta það magn efna sem kæmir frá framleiðsluferlum verksmiðjunnar. Fita í sjósýnum var ekki mæld þar sem styrkur hennar er undir greiningarmörkum. Efnagreiningar vatnssýna voru framkvæmdar á rannsóknastofu EFLU fyrir utan fituinnihald sem mælt var hjá Matís.

Fita (mg/L). Heildarstyrku fitu og olíuefna í vinnsluvatni var mælt með soxtec aðferð, AOCS Official Method Ba 3-38, 1997. Fita í þurrkuðu sýni er dregin út með petroleum eter og útdrátturinn vegin, þegar eterinn hefur verið fjarlægður. Þessar mælingar voru framkvæmdar hjá Matís.

COD (mg/L). Efnarfæðileg súrefnisþörf (Chemical Oxygen Demand) er mælikvarði á lífrænu innihaldi. Mælt er magn súrefnis sem þarf til að brjóta niður allt lífrænt efni í ákveðnu rúmmáli af vatnssýni og er því í raun um að ræða milligrömm súrefnis í lítra af vatnsýni (mg O₂/L). Mæling var framkvæmd samkvæmt DIN 38409-H41-H44.


Svífagnir (mg/L). Heildarstyrkur svifagna (e. Total Suspended Solids, TSS), var mælt samkvæmt Standard Methods 2540D þar sem svifagnir eru síðar frá vatni og uppleystu efni með glertrefjasíu (1,2 µm), þurrkaðar við 103°C og vigtaðar. Svifagnir eru mælikvarði á óuppleyst þurrefn, þ.e. sá hluti þurrefnis sem mögulegt er að fella út í hreinsun.

Rennslisvöktun (síritamæling) var gerð í hringlaga frárennslirsás úr steypu með innra þvermál ID 300 mm. Rennslið var mælt með Flotote open channel mæli sem mældi rennsli samfellt og skráði á 5 mínútna fresti yfir mælitímabilið. Rennsli þéttivatns og kæli- og þvottasjó var metið út frá hönnunargildum og afköstum sjódælna.

3 Niðurstöður

3.1 Rennsli

Rennsli frá fitugildru var mælt með segulspanrennslismæli og má sjá iðurstöður þeirra mælingar á mynd 1.



Mynd 1: Rennslismæling úr lögnum frá fitugildru

Rennslið mældist að meðaltali $11,6 \text{ m}^3/\text{klst}$.

Rennsli þéttivatns og kæli- og þvottasjós var áætlað út frá hönnunarforsendum og afkastagetu dælana $340 \text{ m}^3/\text{klst}$.

3.2 Efnamælingar

Niðurstöður efna- og rennslismælinga er að finna í töflu 1. Styrkur efna í sameiginlegu frárennsli þéttivatns og kæli- og þvottasjós er reiknaður út frá mældum efnastyrk í frárennslinu að frádregnum styrk efna í innrennsli hreins sjós. Í töflu 2 er reiknuð út efnalosun yfir sólarhring út frá efnastyrk og rennsli. Í töflu 3 hefur verið reiknaður út styrkur fitu og magn svifagna og COD í sameiginlegu heildarfrárennsli verksmiðjunnar, reiknað út frá efnastyrk í sitt hvorum straumnum og rennslistölum. Í töflu 3 er gefið upp magn svifefna og COD í heildarfrárennsli verksmiðju miðað við unnið hráefnistönn en fitan er gefin upp sem efnatyrkur. Losunartölur eru bornar saman við losunarmörk í starfsleyfi verksmiðjunnar og reyndist losun allra efna, svifagna, COD og fitu undir starfsleyfismörkum.

Tafla 1: Mældur efnastyrkur í sólarhringsblendsýni og meðaltalsrennsli frá veituvatns

EFNASTYRKUR OG RENNSLI MÆLT	Svifagnir [mg/L]	COD [mg/L]	Fita [mg/L]	Rennsli [m ³ /klst]
Frárennsli frá fitugildru Þéttivatn, kæli- og þvottasjór	70 4,1	286 138	1	11,6 340

Tafla 2: Efnamagn (reiknað út frá efnastyrk og rennsli)

EFNAMAGN OG RENNSLI	Svifagnir [kg/dag]	COD [kg/dag]	Fita [kg/dag]	Rennsli [m ³ /dag]
Sólarhringdmeðalgildi				
Frárennsli frá fitugildru Þéttivatn, kæli- og þvottasjór	19 33	79 1126	0,2	278 8.160

Tafla 3: Efnalosun frá heildarfrárennsli verksmiðju og losunarmörk samkvæmt starfsleyfi

EFNALOSUN Í SJÓ	Svifagnir [g/ht]	COD [kg/ht]	Fita [mg/L]	Hráefni unnið Hráefnistonn (ht)
Sólarhringsmeðalgildi				
Heildarfrárennsli frá verksmiðju	68	1,5	0,03	780
Losunarmörk í starfsleyfi verksmiðju	300	1,5	100	